

Samfélags- og náttúrufræði

Kennarar: Ingibjörg Halla Hjartardóttir; Rakel Heimisdóttir

| 3

Lýsing

Þetta er kennsluáætlun í samfélags- og náttúrufræði í 3.bekk, vorönn 2020. Áætlunin skiptist í 4 lotur. hæfni nemenda verður metin í lok hverrar lotu. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni

Samfélags- og náttúrufræði

Kennsluáætlun 3. bekkur V20

Lota 1: Fjöll á Íslandi

Unnið er með viðfangsefnið fjöllin þar sem áhersla verður lögð á gerð fjalla og fjölbreytileika þeirra. Nokkur fjöll, víða að af landinu, verða tekin fyrir sérstaklega, skoðað hvernig þau hafa myndast og hvernig þjóðsögur og frásagnir tengjast þeim.

Notaðar verða fjölbreyttar leiðir í upplýsingaöflun svo sem bókina *Komdu og skoðaðu fjöllin*, spjaldtölvur, vettvangsferðir og bókasafn.

Lota 2: Tunglið

Unnið er með viðfangsefnið tunglið þar sem áhersla verður lögð á stöðu tunglsins og það skoðað í einn mánuð.

Notaðar verða fjölbreyttar leiðir í upplýsingaöflun svo sem bækurnar *Tunglið* og *Komdu og skoðaðu himingeiminn*, spjaldtölvur, vettvangsferðir, þrívíddargleraugu og bókasafn.

Vorönn 2020

Lota 3: Himingeimurinn

Unnið er með reikistjörnur sólkerfisins og þær bornar saman innbyrðis.

Notaðar verða fjölbreyttar leiðir í upplýsingaöflun svo sem bókina *Komdu og skoðaðu himingeiminn*, spjaldtölvur, vettvangsferðir, þrívíddargleraugu og bókasafn.

Lota 3: í sveitinni

Unnið er með viðfangsefnið sveitin þar sem lögð verður áhersla á húsdýrin, afurðir þeirra og sveitastörf.

Notaðar verðar fjölbreyttar leiðir í upplýsingaöflun svo sem bókina *Æsa og Gauti í sveitinni*, myndbönd, spjaldtölvur, vettvangsferð í sveitina (vorferð) og bókasafn.

Námsmat

Vinna og virkni nemenda er metin jafnóðum.

Spjaldtölvur

Upplýsingaleit við verkefnagerð

